

Mál nr. 126/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. maí 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 27. maí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 18. febrúar 2021 hafi bifreiðin X, verið ekið í hlið bifreiðarinnar Y sem M ók umrætt sinn. Ekki virðist ágreiningur um að X beri alla sök á umræddum árekstri. M leitaði til læknis hinn 24. febrúar s.á. og sagðist þá hafa fundið fyrir verkjum í mjóbaki daginn eftir árekstur. Við skoðun hafi flexion í baki verið eðlileg en tekið í við extention og við lateral hreyfingar í hrygg. M hafi aftur leitað til læknis 16. september 2021 og lýst verkjum í mjóbaki og upp brjóstbak. Hafi M frá slysinu sótt meðferð hjá bæði sjúkrahjálfa og kiropraktor. Samkvæmt sjúkrasögu M hafi hún ekki glímt við stoðkerfiseinkenni fyrir umrætt slys. M telur ljóst að M hafi hlotið áverka í umræddu slysi og beri gögn málsins það með sér að einkenni hennar verði rakin beint til þess. Ekkert í sjúkraskrá M bendi þá til annars og er því sérstaklega hafnað að hún sé í líkamlega erfiðu starfi sem hefði getað leitt til umræddra einkenna.

V, sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 2. febrúar 2022, segir í bréfi sínu til nefndarinnar að M hafi leitað til læknis vegna ósértækra og almennra einkenna viku eftir umrætt slys, en næsta koma til læknis vegna einkenna frá baki hafi verið um sjö mánuðum eftir slysið. M vinni þá líkamlega erfiða vinnu sem geti leitt til svipaðra einkenna frá baki. Af fyrirbyggjandi PC-Crash skýrslu sem V hafi látið gera sé ljóst að höggið á bifreið M hafi verið afar vægt og ekki til þess fallið að valda varanlegu líkamstjóni auk þess sem munatjón hafi verið takmarkað. Það sé M sem beri sönnunarbyrði fyrir því að orsakatengsl séu milli árekstursins og þeirra einkenna sem hún reki til hans og slík sönnun hafi ekki tekist.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 18. febrúar 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að afar lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Fyrir liggur að M leitaði til læknis hinn 24. febrúar 2021 vegna einkenna frá baki. Var hún þá greind með tognun á lendarhrygg og fékk ráðleggingar um að taka verkjalyf og sjá hvort einkenni löguðust ekki á tveimur til þremur vikum en leita ella aftur til læknis. Af sjúkraskrá og fyrirbyggjandi læknisvottorði, dags. 14. október 2021, verður ráðið að næsta koma M til læknis vegna einkenna frá baki hafi verið hinn 16. september 2021, eða um sjö mánuðum síðar, en þá lýsti hún daglegum verkjum í mjóbaki og aðeins upp í brjóstbak. Fékk hún þá beiðni vegna sjúkrahjálfunar og hefur, að því er segir í málskoti, sótt meðferð hjá sjúkrahjálfa og kiropraktor vegna einkenna frá baki. Engin frekari gögn liggja hins vegar fyrir nefndinni um þá meðferð né sérstakt mat á orsakatengslum milli árekstursins og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M. Jafnvel þó ekki verði fallist á með V að sýnt sé að M hafi stundað líkamlega erfiða vinnu sem leitt hefði getað til svipaðra einkenna verður ekki litið framhjá því að einkenni þau sem M lýsir eru ósértæk og geta átt sér ýmsar ástæður. Á grundvelli framangreinds og með vísan til þess hve læknisfræðileg gögn eru takmörkuð, verður að telja vafa um að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til hans séu fyrir hendi. Verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 21. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson